



Erindisbréf fræðslunefndar Norðurþings

I. kafli - Skipan nefndarinnar, starfssvið og valdsvið.

1. gr.

Fræðslunefnd er skipuð af sveitarstjórn Norðurþings og byggir erindisbréf þetta annars vegar á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr 138/2011 og stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og hins vegar á samþykkt um stjórn Norðurþings og fundarsköp sveitarstjórnar nr. 170/2016 og gildandi stjórnskipuriti sveitarfélagsins og greinargerð með

2. gr.

Fræðslunefnd er skipuð 5 fulltrúum og jafn mörgum til vara sbr. B. lið 51. greinar Samþykktar um stjórn Norðurþings og fundarsköp sveitarstjórnar. Fræðslufulltrúi og sveitarstjóri hafa rétt til að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Einnig hefur fræðslufulltrúi heimild til að fela starfsmönnum sviðsins, störf á fundum nefndarinnar. Auk kjörinna nefndarmanna og fræðslufulltrúa eiga eftirtaldir aðilar rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt: fulltrúi skólastjóra, fulltrúi leikskólastjóra, fulltrúi kennara, fulltrúi starfsmanna leikskóla, fulltrúi foreldra grunnskólabarna og fulltrúi foreldra leikskólabarna.

Fræðslufulltrúi og forstöðumenn / deildarstjórar skulu gera nefndinni grein fyrir tillögum sínum að fjárhags- og starfsáætlunum áður en þær eru teknar til afgreiðslu. Nefndin getur kallað til ráðgjafar fagaðila og fulltrúa frjálsra félagasamtaka eftir því sem við á. Fræðslufulltrúi eða starfsmaður nefndarinnar ritar fundargerð fræðslunefndar.

3. gr.

Fræðslunefnd hefur umsjón með starfsemi tónlistar-, leik- og grunnskólum í sveitarfélaginu og Skólalþjónustu Norðurþings. Nefndin skal hafa eftirlit með því að stofnanir og deildir starfi innan ramma laga, reglugerða og samþykkt á hverjum tíma.

Helstu hlutverk nefndarinnar eru:

- að vera sveitarstjórn til ráðgjafar í málefnum tónlistar-, leik- og grunnskóla og skólalþjónustu;
- að gera tillögur til sveitarstjórnar um markmið í starfsemi tónlistar-, leik- og grunnskóla og skólalþjónustu;
- að vinna samkvæmt samþykktum markmiðum í málefnum tónlistar-, leik- og grunnskóla og skólalþjónustu og gera tillögur um útfærslu þeirra til bæjarstjórnar;
- að sjá um að öll skólaskyld börn sem rétt eiga á skólavist í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu;
- að fylgjast með þörf fyrir leikskólaláss í sveitarfélaginu;

Hlutverk fræðslunefndar er nánar skilgreint í lögum um leik- og grunnskóla og samþykktum Norðurþings.

4. gr.

Fræðslunefnd hefur ákvörðunarvald og tillögurétt til sveitarstjórnar vegna málefna sem tilheyra starfssviði nefndarinnar. Ákvörðunarvald og tillöguréttur afmarkast af lögum og reglugerðum um viðkomandi málaflokk, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993,

lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr.77/2000 og upplýsingalögum nr. 50/1996 auk samþykktar um stjórn og fundarsköp Norðurlands og reglanna um ábyrgðarmörk og starfshætti stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna í stjórnarsýslu Norðurlands.

Samþykktir fræðslunefndar skulu lagðar fram til umfjöllunar og staðfestingar í sveitarstjórn. Hafi ályktun fræðslunefndar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir byggðarráð áður en hún er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn.

Fræðslunefnd getur ályktað um málefni sem hafa mikilvæga þýðingu fyrir fræðslumál íbúa Norðurlands.

II. kafli - Fundir nefndarinnar og starfshættir

5. gr.

Fundir í fræðslunefnd skulu að jafnaði haldnir mánaðarlega en aukafundi skal halda ef sveitarstjóri, fræðslufulltrúi, formaður eða a.m.k tveir nefndarmanna óska þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

6. gr.

Fræðslufulltrúi undirbýr fundi í samráði við formann fræðslunefndar. Hann sér um að fundir séu boðaðir með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund. Heimilt er að boða til fundar með rafrænum hætti enda hafi viðkomandi fulltrúar áður undirritað yfirlýsingu þess efnis.

Dagskránni skulu fylgja afrit erinda eða annarra skriflegra gagna, sem tengjast dagskrárliðum fundarins. Geti fulltrúi í nefndinni ekki sótt fund skal hann tilkynna það varamanni sínum og boða hann til fundarins.

Fundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti fræðslunefndarmanna er mættur og ræður afl atkvæða afgreiðslu mála. Falli atkvæði að jöfnu telst mál fallið.

Formaður fræðslunefndar stjórnar fundum nefndarinnar og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar nefndarinnar. Heimilt er að taka mál til meðferðar í fræðslunefnd þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmanna óskar þess.

7. gr.

Fundir fræðslunefndar skulu skráðir í sérstaka fundargerðarbók og tölvuskráðir. Staðfesting fundarmanna sem sitja fund í gegnum síma- eða fjarfundabúnað skal gerð strax að loknum fundi. Skal senda fundargerð með rafrænum hætti til viðkomandi sem staðfestir með samþykki sínu. Fjarstaddir staðfesta síðan fundargerðina með undirritun svo fljótt sem verða má. Um ritun fundargerða fræðslunefndar gilda að öðru leyti sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Norðurlands og fundarsköp sveitarstjórnar. Fundargerðarbók og öll bréf, erindi, skýrslur og skjöl, sem snerta starf fræðslunefndar, skulu varðveitt á skrifstofu Norðurlands.

8. gr.

Þagnarskylda er lögð á herðar þeim, sem vegna starfa sinna í fræðslunefnd hafa fengið upplýsingar um mál, sem ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli þess eða lögum, hvort sem það varðar einkahagi fólks eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst áfram þótt fræðslunefndarmenn hætti störfum.

9. gr.

Fræðslunefnd skal leitast við að haga störfum sínum þannig að ákvarðanir hennar nýtist í þágu sem flestra íbúa sveitarfélagsins en nefndarmenn eru þó ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum, reglugerðum og samþykkt um stjórn Norðurbings og fundarsköp sveitarstjórnar og reglum um ábyrgðarmörk og starfshætti stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna í stjórnsýslu Norðurbings í atkvæðagreiðslu á fundum fræðslunefndar.

10. gr.

Um þau atriði er varða starfshætti fræðslunefndar sem erindisbréf þetta fjallar ekki sérstaklega um gilda ákvæði samþykktar um stjórn Norðurbings og fundarsköp sveitarstjórnar. Sem og samþykktum Norðurbings.

III. kafli - Eftirfylgni

11. gr.

Fræðslufulltrúi eða staðgengill hans annast framkvæmd þeirra samþykktar sem gerðar eru af fræðslunefnd. Næsti yfirmaður hans er sveitarstjóri. Heimilt er að fela öðrum framkvæmd verkefna.

Fræðslufulltrúi hefur í samráði við formann nefndarinnar yfirumsjón með undirbúningi mála fyrir fundi, boða þá, senda út fundargerðir og samþykktir til viðkomandi aðila og að fylgja málum eftir. Forstöðumenn stofnana er heyra undir málefnasviðið eða staðgenglar þeirra annast undirbúning þeirra mála er tilheyra þeirra stofnun í samráði við fræðslufulltrúa.

Fræðslunefnd getur falið fræðslufulltrúa samkvæmt nánari skilgreiningu og í samræmi við samþykkt um stjórn Norðurbings og fundarsköp sveitarstjórnar og reglur um ábyrgðarmörk og starfshætti stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna í stjórnsýslu Norðurbings að annast umsjón og framkvæmd ákveðinna mála til lengri eða skemmri tíma.

IV. kafli - Réttindi og skyldur Fræðslunefndarmanna

12. gr.

Um réttindi og skyldur fræðslunefndarmanna gilda, eftir því sem við á ákvæði, II. og III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. einnig IV. kafla sömu laga og III. og IV. kafla samþykktar um stjórn Norðurbings og fundarsköp sveitarstjórnar og reglur um ábyrgðarmörk og starfshætti stjórnenda, kjörinna fulltrúa og nefndarmanna í stjórnsýslu Norðurbings. Fræðslunefndarmönnum ber að kynna sér þessi ákvæði sem og þau lög og reglugerðir er varða starfsemi á málefnasviðinu.

13. gr.

Fulltrúar í fræðslunefnd skulu kynna sér þau lög og þær reglugerðir sem gilda um fræðslumál ásamt öðrum þeim lögum og reglugerðum er tengjast starfssemi tónlistar-, leik- og grunnskóla og skólalábjónustu.

V. kafli – Gildistaka

14. gr.

Erindisbréf þetta byggir á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Norðurbings og fundarsköp sveitarstjórnar nr. 170/2016.

Samþykkt á fundi fræðslunefndar 12.12.2017

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 19.12.2017 og tekur gildi sama dag.



Sveitarstjóri Norðurbings
Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri

